

Orkugerðin ehf.
Heiðargerði 5
801 Selfoss

Reykjavík, 16. desember 2019
UST201806-147/S.I.
08.05.01

Efni: Ákvörðun Umhverfisstofnunar vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Orkugerðina ehf.

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Orkugerðarinnar ehf., Heiðargerði, Selfossi, um starfsleyfi til framleiðslu á próteinmjöli og fitu úr dýraleifum.

Rekstraraðila hefur nú verið veitt starfsleyfi til að framleiða próteinmjöl og fitu úr allt að 7.000 tonnum af hráefni á ári.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá ákvörðun Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.


Starfsleyfið öðlast þegar gildi. Það gildir til 13. desember 2035.

Hjálagt er starfsleyfið og í því er greinargerð vegna útgáfu þess. Efni starfsleyfisins mun verða aðgengilegt á heimasíðu Umhverfisstofnunar <http://www.umhverfisstofnun.is/>.

Virðingarfyllst,



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri



Sigurður Ingason
sérfræðingur

STARFSLEYFI

Framleiðsla á kjötmjöli og fitu úr dýraleifum

Orkugerðin ehf.

Heiðargerði, Selfossi (dreifbýli)

Kt.: 580169-7249

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Orkugerðina ehf., kt. 580169-7249, fyrir framleiðslu á próteinmjöli og fitu úr dýraleifum.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða próteinmjöl og fitu úr allt að 7.000 tonnum af hráefni á ári.

Tekið er við framleiðsluleifum frá sláturhúsum og kjötvinnslum í hráefnismóttöku verksmiðjunnar. Hráefnið er hakkað niður þegar það kemur til vinnslu og sótthreinsað í sjóðurum. Vatn er soðið úr hráefninu og hleypt í lofthreinsibúnaðinn. Eftir verður blanda af fitu og mjöli sem skilin er að í pressu. Fitan fer í kjölfarið í þar til gerða skilvindu og á upphitaða birgðageyma. Mjölið fer í mölun, í síló. Síðan er því pakkað í sekki. Um meðhöndlun á aukaafurðum dýra gilda skilyrði í a lið í 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, sbr. lið 6.6. í I. viðauka reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sem byggja á m.a. viðmiðum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnarkerfi.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar sem annars vegar fjallar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnaafgöngum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði.

Rekstrarstöðvun, varanleg eða tímabundin, skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir, þannig að taka megji út frágang að lokinni rekstrarstöðvun. Gera skal Brunavörnum Árnæssýslu viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn er stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni (BATC) sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun þar sem fram kemur með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1 og 3.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 61. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða afturkalla starfsleyfið.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og að aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd Suðurlands sbr. 63. gr. laganna.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni. Eftirlitsaðili getur ákveðið að efna til opins kynningarfundar til að kynna niðurstöður eftirlits, mælinga og vöktunar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum og draga úr umhverfisáhrifum. Tryggja skal gæði hráefnis eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum sem miða að því að halda mengun lofts og lagar í lágmarki. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis. Umhverfismarkmiðin skulu vera hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila og skal endurskoða þau a.m.k. á fjögurra ára fresti.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

2.3 Aðstaða til mælinga

Tryggja skal við hönnun mannvirkja að góð aðstaða sé til mælinga og eftirlits með losun samkvæmt starfsleyfi þessu og þeim mæliáætlunum sem starfsleyfið kveður á um.

2.4 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í starfsstöðinni. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum.

Aðgangur að athafnasvæðinu skal takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna. Hlið skulu lokuð og læst nema þegar starfsemi fer fram. Gott eftirlit og viðhald skal vera með girðingu. Frestur til að girða svæðið er til 1. september 2020.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyrar starfsemi. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Áætlanir skulu vera til staðar um vinnubrögð og þjálfun starfsmanna til að takmarka lykt, t.d. með góðri umgengni og þrífum.

2.5 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Rekstraraðili getur tekið þátt í t.d. ÍST EN ISO 14001, eða í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins eða annað kerfi sem uppfyllir eðli málsins samkvæmt kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi.

Umhverfisstjórnunarkerfið skal m.a. fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun. Þá skal umhverfisstjórnunarkerfið fjalla ítarlega um hvernig lágmarka skal lyktarmengun frá starfsemi.

Rekstraraðili skal starfrækja orkustjórnunarkerfi og kælistjórnunarkerfi eða vera með skýrt verklag um orkunotkun og stjórnun á kælingu á hráefni og afurðum innan umhverfisstjórnunarkerfisins.

2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skal gera nauðsynlegar lagfæringar. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig.

2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaráhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að óhöpp eða slys sem orðið hafa endurtaki sig og skal eftirlitsaðili vera upplýstur um þær ráðstafanir.

2.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari losunarmælingar og/eða vöktunarmælingar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megí aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir).

Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í "Reference Document on Best Available Techniques in the Slaughterhouses and Animal By-products Industries, May 2005". Útgefandi starfsleyfis vísar til viðmiða sem fram koma fram í kafla 5.1.1 í þessu skjali.

Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsemin sé ávallt í samræmi við bestu aðgengilegu tækni (BREF).

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við innleiðingarákvæði BAT-niðurstaðna í reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun.

Ef gefnar verða út BAT-niðurstöður á gildistíma starfsleyfisins skal rekstraraðili skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar um hvaða valkostir séu til staðar fyrir bestu aðgengilegu tækni eigi síðar en ári fyrir gildistöku BAT-niðurstaðna. Ef rekstraraðili breytir síðar um valkost um bestu aðgengilegu tækni þá skal hann upplýsa eftirlitsaðila um þær breytingar og hvernig þær samræmast BAT-niðurstöðum.

HRÁEFNI, ELDSNEYTI (OG FRAMLEIÐSLUVÖRUR)

3.2 Móttaka og flutningur hráefna

Við móttöku hráefna skal gæta að því að hráefnið spillist ekki að óþörfu. Viðkvæmt hráefni skal fara í vinnslu innan sólarhrings frá móttöku og annað hráefni skal unnið sem fyrst. Frágangur lóðar skal vera snyrtilegur.

3.3 Hráefnisgeymslur og vörugeymslur

Hráefni skal geyma í yfirbyggðum geymslum eða lokuðum geymum til að fyrirbyggja mengunaráhrif og ásókn fugla.

Geymslur skulu ekki vera yfirfulltar þannig að hætta sé á mengunaráhöppum. Enginn mengandi efni mega leka í jarðveg. Leita skal samþykkis Umhverfisstofnunar ef geyma þarf tímabundið framleiðsluvöru á lóðinni. Finnist ekki not fyrir framleiðslu getur Umhverfisstofnun gert kröfu um að hún fari í förgun.

LOFT

3.4 Lyktarmengun og afsog

Rekstraraðili skal halda lyktarmengun og annarri loftmengun í lágmarki með því að tryggja að hráefni berist ferskt til verksmiðjunnar, verkferlar skulu draga úr hættu á lyktarmyndun við vinnslu og með því að starfrækja búnað sem eyðir lyktarefnum út, t.d. brennara sem eyðir mengandi efnum úr útblæstri eða með hjálparefnum á borð við óson. Heimilt er að blanda saman lofti frá hráefnissjóðurum við loftið í brennara.

Afsog frá lyktar- og leysiefnauppsprettum skal leitt upp fyrir þakbrún. Lágmarkshæð skorsteina yfir þakbrún skal vera 2 metrar.

Eftirlitsaðili getur farið fram á að útblásturshraði verði aukinn í allt að 20 m/s ef hann er lægri.

3.5 Útblástur frá skorsteini

Eftirfarandi losunarmörk fyrir mengunarefni í útblæstri eiga við um stöðina. Mörkin eru stöðluð við þessi skilyrði: Hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa og 9 % O₂ sem þurr gas:

Efni	Losunarmörk (30 mín meðaltal)
Sót og ryk	100 mg/m ³
Kolmónoxíð (CO)	100 mg/m ³
Köfnunarefnisoxíð; mælt sem NO ₂	400 mg/m ³

VATN

3.6 Frárennsli

Aðskilja skal með skýrum hætti frárennsli starfsmannaaðstöðu frá frárennsli frá þvotti og vinnslu.

Frárennsli frá vinnslu skal dauðhreinsað og skal einnig hreinsað með því að fella fast efni út, t.d. í sérstöku hreinsivirki. Vatnið skal frekar hreinsað eftir það, t.d. með notkun búnaðar á borð við fitugildru, setþrær eða sambærilegri tækni og síðan í sandsíu og siturlögn.

Tveggja þrepa kerfi skal vera til staðar til að hreinsa föst efni og fitu úr fráveituvatni frá þvotti og vinnslu. Eftir að föst efni og fita hafa verið fjarlægð (1. þrep) skal það leitt í siturlögn (2. þrep).

Ekki má verða vart við frárennsli við yfirborð jarðvegs. Ef það gerist skal siturbeð og siturlögn endurnýjuð innan tveggja mánaða og gripið til annarra fullnægjandi aðgerða dugi það ekki.

3.7 Vatn frá þvotti

Þvottur á vélum og tækjum skal gerður á föstu vökvaheldu plani. Við þrif á verksmiðjuhúsum og vegna afrennslis frá þvottaaðstöðu skal leita allra leiða til að minnka magn fráveituvatns. Nota skal háþrýstivatnskerfi eða sambærilegt kerfi. Ristar eða síur og körfur skulu vera á öllum niðurföllum. Föstum efnum skal skila aftur til vinnslu eftir því sem kostur er.

3.8 Rotþrær

Ef rotþrær eru notaðar fyrir starfsmannaaðstöðu en ekki fráveitukerfi sveitarfélags skal tæma seyru reglulega úr þeim af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi/tilskilin réttindi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar 799/1999 um meðhöndlun seyru.

ÚRGANGUR

3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er óheimil. Úrgangur frá verksmiðjunni, sem ekki fellur undir gr. 3.8, skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin leyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna. Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar.

3.10 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila.

ANNAÐ

3.11 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá verksmiðjunni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAeq á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LAeq í íbúðabyggð.

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni, sbr. 1. málsgrein:

- yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna,
- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

3.12 Fyrirbyggjandi viðhald

Til staðar skal vera áætlun um viðhaldspörf, endurbætur og fyrirbyggjandi viðhald á mengunarvarnabúnaði. Áætlunin skal vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

3.13 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Leyfisveitandi skal ávallt hafa aðgengileg öll öryggisblöð hreinsiefna (sápur og sóttthreinsiefni) og annarra hættulegra efna sem notuð eru við reksturinn og skulu þau vera á íslensku.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja ákvæðum í gr. 2.6.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn á hverjum tíma og afföll,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- magn og gerð efnis sem sent er til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar,
- prófun og kvörðun tækjabúnaðar,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.4,
- teikningar af frárennsli,
- magn og gerð efnis sem er sent er til spilliefnamóttöku,
- gögn vegna ákvæða gr. 4.5 um umhverfisupplýsingar og útstreymisbókhalda,
- tæming rotþróa og fitugildra,
- niðurstöður mælinga skv. gr. 4.2.

4.2 Mælingar

Mælingar skv. gr. 3.5 skulu gerðar einu sinni á ári og á þeim tíma sem verksmiðjan er keyrð með sem næst hámarksálagi.

Mæling á hávaða skal fara fram a.m.k. einu sinni á gildistíma starfsleyfis, innan tveggja ára frá gildistöku þess, sbr. gr. 3.11. Umhverfisstofnun getur farið fram á fleiri mælingar síðar, sbr. gr. 2.8.

4.3 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu auk vöktunar ef ástæða er til að halda að mengun umhverfis sé yfir mörkum sem gefin eru í starfsleyfi. Umhverfisstofnun getur krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

4.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar eða árskýrslu ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

Fyrir 1. maí 2021 skal rekstraraðili skila sérstakri skýrslu til Umhverfisstofnunar þar sem gefa skal yfirlit yfir endurbætur á búnaði verksmiðjunnar á síðustu árum og getu hennar til að takmarka og/eða draga úr mengun. Skýrsluna skal nota til að meta hvaða svigrúm kunni að vera til enn frekari tæknilegra endurbóta svo sem varðandi kerfi til lyktareyðingar og viðhalds á verksmiðjunni til að draga eins og mögulegt er úr lyktaráhrifum og bæta ásýnd hennar og umgengni við hana til lengri tíma.

4.5 Umhverfisupplýsingar og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili skal einnig færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.4. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5. FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka I, starfsemi A, lið 6.5. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka I, lið 6.5.


Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna frávika eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.


6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 13. desember 2035.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 13. desember 2019


Sigrún Agústs dóttir
settur forstjóri


Sigurður Ingason
sérfræðingur

Viðauki

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í grein 2.1 er ákvæði um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið og þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Ef gefnar verða út BAT-niðurstöður á gildistíma starfsleyfisins skal rekstraraðili skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar um hvaða valkostir séu til staðar fyrir bestu aðgengilegu tækni eigi síðar en ári fyrir gildistöku BAT-niðurstaðna sbr. gr. 3.1.
- Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, sbr. gr. 4.5.
- Frestur er veittur til 1. september 2020 til að girða athafnasvæði sbr. gr. 2.4.
- Frestur er veittur til 1. maí 2021 til að skila sérstakri skýrslu til Umhverfisstofnunar þar sem gefa skal yfirlit yfir endurbætur á búnaði verksmiðjunnar á síðustu árum og getu hennar til að takmarka draga úr mengun sbr. gr. 4.4.

Fylgiskjal

Greinargerð vegna vinnslu starfsleyfis fyrir Orkugerðina ehf.

1. Almennt

Orkugerðin ehf. (kt. 580169-7249) rekur kjötmjölsverksmiðju við Heiðargerði, í Flóahreppi skammt frá Selfossi. Verksmiðjan hóf starfsemi árið 2000.

Á staðnum fer fram framleiðsla á próteinmjöli og fitu úr dýraleifum. Í umsókn um starfsleyfi segir að heildarframleiðslugeta nemi um 7.000 tonnum á ári af hráefni. Það gerir það að verkum að verksmiðjan fellur undir lög nr. 7/1998 í viðauka I, starfsemi A, lið 6.5. Starfsemin er auk þess flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka I, lið 6.5.

Eftir breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 1. júlí 2017, hefur starfsleyfisútgáfa og mengunarvarnaeftirlit fyrir þennan rekstur flust yfir til Umhverfisstofnunar. Fyrri starfsleyfi var gefið út af Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Hér er því um að ræða fyrsta starfsleyfið sem Umhverfisstofnun gefur út fyrir þennan rekstur þrátt fyrir að verksmiðjan hafi verið rekin á þessum stað í 19 ár.

Frá því að Umhverfisstofnun tók við eftirliti með rekstrinum hefur verið farið fimm sinnum í eftirlits- og vettvangsheimsóknir.

2. Umsagnir/athugasemdir við starfsleyfistillöguna

Starfsleyfistillaga var auglýst opinberlega á tímabilinu 2. október til 30. október 2019 og gafst á þeim tíma tækifæri til að koma með athugasemdir áður en ákvörðun um útgáfu starfsleyfisins yrði tekin. Nokkrum aðilum var sérstaklega gert viðvart um að starfsleyfistillaga væri komin fram. Það voru Orkugerðin ehf. og ráðgjafar hennar, Flóahreppur og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Flóahreppur birti að auki góðfúslega tilkynningu um starfsleyfistillöguna á vefsíðu sveitarfélagsins.

Alls bárust fjórar umsagnir á auglýsingatíma.

Íbúar í Volatúni í Flóahreppi sendu inn umsögn:

- Í umsögninni koma fram mótmæli við því að veita leyfi fyrir áframhaldandi rekstur nema fram fari ítarleg úttekt og lagfæringar á tækjabúnaði.
 - Rekstraraðili hefur kynnt ítarlegar lagfæringar og endurbætur á verksmiðjunni fyrir Umhverfisstofnun og hefur hafið framkvæmd á þeim. Að mati stofnunarinnar er þörf á endurbótum til að draga úr lyktaráhrifum og öðrum umhverfisáhrifum.
 - Ákveðið hefur verið að kveða á um skyldu rekstraraðila til þess að gera skýrslu um endurbætur á búnaði verksmiðjunnar á síðustu árum og getu hennar til að takmarka og/eða draga úr mengun. Skýrsluna skal nota til að meta hvaða svigrúm kunni að vera til enn frekari endurbóta og viðhalds á verksmiðjunni til að draga eins og mögulegt er úr lykt og bæta ásýnd hennar og umgengni við hana til lengri tíma.

- Fram kemur það sjónarmið í umsögninni að ekki sé talið að skilyrðum í gr. 3.4 í starfsleyfistillögu hafi verið fylgt, þ.e. að halda skuli lyktarmengun og annarri loftmengun í lágmarki með því að tryggja að hráefni berist ferskt til verksmiðjunnar, að verkferlar skuli draga úr hættu á lyktarmyndun við vinnslu með því að starfrækja búnað sem eyðir lyktarefnum út, t.d. brennara sem eyðir lyktarefnum.
 - Umhverfisstofnun áljútur að athugasemdina beri að skilja sem svo að ekki sé um að ræða ágreining um það hvaða kröfur beri að gera til verksmiðjunnar í starfsleyfi. Ekki kemur fram tillaga um aðrar kröfur í þessu sambandi en Umhverfisstofnun hyggst gera.
 - Athugasemdina má hins vegar líta á sem ábendingu um að rekstraraðili eigi að fylgja kröfum starfsleyfisins vel eftir, enda bendir umsagnaraðili á að kröfurnar feli það í sér að ná þarf betri árangri en hingað til hefur náðst, m.a. í að takmarka lykt frá verksmiðjunni. Umhverfisstofnun fylgir eftir kröfum starfsleyfisins í eftirliti og í starfsleyfinu eru tilgreind úrræði til að fylgja þeim kröfum eftir.

Ábúendur á Hlíðarbrún sendu umsögn benda þar á ...

- ... að það eru lágmarkskröfur að búvænlegt sé í nágrenni við verksmiðjuna. Lagst er alfarið gegn því að starfsleyfið verði veitt ef ekki verða gerðar lagfæringar hvað lyktarmengun varðar.
- Auk þess kemur fram að Hlíðarbrún er í um 2 km fjarlægð frá verksmiðjunni og í ríkjandi vindátt.
 - Eins og fram kemur í svörum við athugasemdum íbúa í Volatúni gerir starfsleyfið ráð fyrir því að rekstraraðili haldi áfram endurbótum á verksmiðjunni og geri að því loknu skýrslu um hverju þær endurbætur skila. Skilafrestur skýslunnar er til 1.maí 2021.

Nágrannar verksmiðjunnar að Lambastöðum sendu einnig inn umsögn og myndir. Helstu atriði í umsögninni er þessi:

- Fram kemur að ekki sé hægt að segja að mikill sómi hafi verið af umræddri verksmiðju og er þá sama hvort talað er um lyktarmengun, sjónmengun, ljósmengun eða umgengni almennt í nánd við byggingarnar. Vakín er athygli á að verksmiðjan er staðsett í miðju landbúnaðarhéraði og spurning hvort hún sé góð ímynd íslensks landbúnaðar eða eigendum sínum til sóma.
 - Umhverfisstofnun hefur það hlutverk með höndum að gera kröfur hvað lyktarmengun og umgengni varðar og þær kröfur koma fram í starfsleyfi.
 - Umsagnaraðili bendir sjálfur á það í umsögn sinni að kröfur varðandi sjónmengun og ljósmengun eru á forræði sveitarfélags sem hefur sett skýr ákvæði um þessi atriði í aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Umhverfisstofnun getur gert almennar athugasemdir í eftirliti varðandi ljósmengun en vísa verður til sveitarfélagsins hvað eftirfylgni varðar í þessum málaflokki.
- Lagst er alfarið gegn því að rekstraraðila verði veitt starfsleyfi til áframhaldandi reksturs án verulegra endurbóta á tækjabúnaði, endurskipulagningu verkferla í

framleiðslu og vöktun, útblásturs og fráveitu og ljósmengunar. Einnig segir að undanfarin ár hafi verið óásættanleg mengun frá rekstrinum; ljósmengun, lyktarmengun og mengun frá frárennsli, olúskiljum og olútanki. Olía og drulla frá verksmiðjunni hafi runnið út í jarðveginn fyrir norðan hús og umgengni slæm.

- Hér vísast til þess sem komið hefur fram hér að framan, sjá svör við athugasemdum íbúa í Volatúni.
- Þá er bent á að lóðin sé ekki fjárheld.
 - Fallist er á þetta. Sett hefur verið inn ákvæði um girðingu. Frestur er veittur til þess til 1. september 2020.

Orkugerðin ehf. óskaði eftir því að heimilisfang í starfsleyfi verði gert opnara. Fyrirtækið vill halda þeim möguleika opnum að unnið verði á fleiri lóðum við Heiðargerði á gildistíma starfsleyfis.

- Umhverfisstofnun verður við þessari beiðni en bendir jafnframt rekstraraðila á eftirfarandi:
 - Reksturinn er afmarkaður með heimildarákvæði starfsleyfisins og ekki er um að ræða heimild til annars en þar kemur fram.
 - Ef breytingar verða á rekstrinum þarf að tilkynna þær til Skipulagsstofnunar áður en í þær er ráðist.

Starfsleyfið byggir á því að á árinu 2020 verði unnið áfram að úrbótum á búnaði og að skýrslu um árangurinn verði skilað 1. maí 2021. Á meðal hugmynda sem enn mun verið að vinna nánar með er ósonkerfi til hreinsunar á affallsvatni.

3. Aðrar breytingar frá auglýstri tillögu

Ekki voru gerðar aðrar efnislegar breytingar á starfsleyfinu frá auglýstri tillögu en áður segir.

4. BAT niðurstöður og staða Orkugerðarinnar ehf.

Rétt er að fara lítillega yfir það hvaða kröfur gilda. Verksmiðjur af þessari gerð falla undir regluverk varðandi mengun þar sem gefnar verða út á næstu árum, með samræmdum hætti, niðurstöður á Evrópska efnahagssvæðinu um bestu aðgengilegu tækni. Til undirbúnings á mótun samræmdra krafna á þessu sviði var haldinn startfundur hjá Evrópsku IPPC skrifstofunni í júní 2019 en nokkur ár kunna þó að líða þar til niðurstöðurnar verða gefnar út enda enn í mótun. Þær kröfur um mengunarvarnir sem kunna að koma fram í því ferli munu verða innleiddar á Íslandi og látnar gilda um þennan rekstur eins og annan sem undir þessar niðurstöður fellur á Íslandi, jafnvel þó að þær kröfur kunni að ganga lengra en þær sem fram koma í þessu starfsleyfi. Gangi þær skemmra er samt sem áður ekki fyrirhugað að draga úr kröfunum sem fram koma í starfsleyfinu.

5. Upplýsingar varðandi lög um mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun fór yfir erindi Umhverfisstofnunar um hvort tilkynna þyrfti Skipulagsstofnun um framkvæmdina vegna laga um mat á umhverfisáhrifum. Í svari við erindinu kom fram að verksmiðjan féll ekki undir lögin þegar starfsemi hófst. Framkvæmdin hlaut því ekki málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að ekki þurfi að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar sé eingöngu verið að endurnýja leyfið.

6. Gildistaka

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 13. desember 2035.